

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/918

2024/EES/83/13

frá 25. mars 2024

um breytingu á VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar tiltekna skýrslugjafarkröfur fyrir aðildarríki varðandi landsbundnar kynbótaáætlanir til að velja m.t.t. þols gegn smitandi svampheilakvilla (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinnar tegunda smitandi heilahrömunar ⁽¹⁾, einkum m-lið 23. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Kröfur um skýrslugjöf gegna lykilhlutverki við að tryggja tilhlýðilega vöktun og rétta framkvæmd löggjafar. Þó er mikilvægt að einfalda þessar kröfur til að tryggja að þær uppfylli þann tilgang sem þeim var ætlað og til að takmarka stjórnsýsluálagið.
- Reglugerð (EB) nr. 999/2001 inniheldur fjölda krafna um skýrslugjöf á sviði dýraheilbrigðis sem ætti því að einfalda í samræmi við orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar „Samkeppnishæfni ESB til lengri tíma lítið - eftir 2030“ ⁽²⁾.
- Í reglugerð (EB) nr. 999/2001 er mælt fyrir um reglur um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu smitandi svampheilakvilla [áður þýtt sem „smitandi heilahrömunarsjúkdómar“] í nautgripum, sauðfê og geitum.
- Í 6. gr. a í reglugerð (EB) nr. 999/2001 er kveðið á um að aðildarríki geti innleitt kynbótaáætlanir til að velja úr sauðfjárstofnum sínum m.t.t. þols gegn smitandi svampheilakvilla (hér á eftir nefndar kynbótaáætlanir). Í samræmi við 3. mgr. 6. gr. a í þeirri reglugerð er þess krafist að aðildarríki sem innleiða kynbótaáætlanir leggi reglulega skýrslur fyrir framkvæmdastjórnina (hér á eftir nefndar skýrslur).
- Í 5. hluta kafla C í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er þess krafist að skýrslurnar séu lagðar fyrir framkvæmdastjórnina á hverju ári.
- Breytingartillagan mun einfalda skýrslugjafarkröfurnar fyrir aðildarríki með því að færast frá kerfisbundinni árlegri skýrslugjöf yfir í skýrslugjöf þegar augljós þörf er á því, þ.e.a.s. þegar breytingar hafa verið gerðar á kynbótaáætlunum. Breytingartillagan mun ekki hafa áhrif á meginstefnumiðið sem er að tryggja að aðildarríki haldi áfram að vakta og gefa skýrslu um faraldsfræðilega stöðu sína að því er varðar smitandi svampheilakvilla.
- Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 999/2001 til samræmis við það.
- Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fæður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Ákvæðum VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2024/918, 26.3.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 186/2024 frá 23. september 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

(2) COM(2023) 168.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. mars 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í stað 5. hluta kafla C í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 kemur eftirfarandi:

„5. HLUTI

Skýrslur sem aðildarríkjunum ber að láta framkvæmdastjórninni í té

Aðildarríki sem innleiða landsbundnar kynbótaáætlanir til að velja úr sauðfjárstofnum sínum m.t.t. þols gegn smitandi svampheilakvilla skulu:

1. tilkynna framkvæmdastjórninni um þær kröfur sem varða slíkar áætlanir,
2. leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina þegar gerðar eru breytingar á slíkum áætlunum.“
